

Nefndasvið Alþingis  
Hildur Edwald,  
skjalaritari  
Alþingi  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 29. október 2018  
2018100024/42-1-3  
TB  
gg/tb

**Tillaga til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins með sérstöku tilliti til  
bújarða, 20. mál.**

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 29. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir, 20. mál. Í tillögunni er lagt til að við mótun almennrar stefnu um eignir og réttindi í eigu ríkisins verði sérstaklega fjallað um bújarðir þar sem lítið verði til ábúðar, náttúruverndar, ferðaþjónustu og möguleika fólks til að hefja búskap. Ráðherra kynni eigendastefnu ríkisins fyrir þinginu eigi síðar en 1. janúar 2019.


Eins og kemur fram í greinargerð er markmið tillögunnar einkum að ríkið marki sér stefnu sem tryggi möguleika fólks til að hefja búskap. Einnig kemur fram að horfa þurfi til náttúruverndar og uppbyggingar ferðamannasvæða og vísað til skýrslu starfshóps á vegum umhverfis- og auðlindaráðherra um landnotkun í dreifbýli og sjálfbæra landnýtingu. Þar kemur fram að mikilvægt sé að móta eigendastefnu fyrir landareignir í eigu ríkisins sem margar hafa sérstöðu með tilliti til náttúru, sögu og menningar. Móta þarf stefnu um nýtingu og ráðstöfun slíkra jarða þar með talið hvort og hvaða jarðir skuli vegna sérstöðu sinnar vera áfram í eigu ríkisins, hverjar megi selja og hverjar leigja, og þá eftir atvikum, með hvaða kvöðum. Flutningsmenn tillögunnar telja eðlilegt að við mótun stefnunnar verði t.d. haft samráð við Bændasamtök Íslands, Landgræðslu ríkisins, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skógrækt ríkisins.

Með hliðsjón af breytingum sem hafa orðið á lögum um náttúruvernd, sérstaklega hvað varðar náttúruminjasrá, og með hliðsjón af hlutverki Náttúrufræðistofnunar og Umhverfisstofnunar telur stofnunin eðlilegt að samráð sé haft við þessar stofnanir um mótun framangreindrar stefnu og jafnframt að það sé mikilvægt að jarðir í eigu ríkisins sem hafa mikið gildi fyrir náttúru landsins og vernd náttúruminja verði áfram í eigu ríkisins/almennings. Ennfremur að ef jarðir eru seldar og þær eru t.d. á náttúruminjasrá þá fylgi á þeim kvaðir sem tryggja vernd þess náttúrufars og náttúruminja sem taldar eru merkilegar á viðkomandi svæði.



Náttúrufræðistofnun telur eðlilegt, m.t.t. þessara atriða, að umhverfis- og auðlindaráðuneytið komi að framangreindri stefnumótun ásamt fjármála- og efnahagsráðuneyti.  
Náttúrufræðistofnun telur að móta þurfi stefnu um framangreind atriði.

Virðingarfyllt



Guðmundur Guðmundsson  
starfandi forstjóri



Trausti Baldursson  
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

